

Þriðji fundur skólaráðs Myllubakkaskóla skólaárið 2009 – 2010 haldinn mánudaginn 11. janúar á bókasafni skólans.

Mættir voru: Hrefna Höskuldsdóttir, Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, Júlíus Friðriksson, Gísli B. Gunnarsson, Ingólfur H. Matthíasson, Brynja Árnadóttir og Torfi Agnar Jónsson. Auk þeirra gestir fundarins þau Alma Vestmann og G. Steinar Jóhannsson.

Mistök áttu sér stað við fundarboðun því ákveðið hafði verið á fundi í nóvember að færa fundartímann frá 17:00 til 16:00 en samkvæmt fundarboði sem sent var út 8. janúar var boðað til fundar kl. 17:00.

Hrafnhildur H. Ólafsdóttir kemur inn sem 3. fulltrúi foreldra og þar með er skólaráð fullskipað.

Dagskrá fundarins:

1. PBS
2. Skólastarfið – tilfærslur og breytingar
3. Önnur mál

PBS

Alma Vestmann fjallaði um innleiðslu PBS agakerfisins og hvernig til hefði tekist þetta fyrsta ár. Talið er að það taki 3 – 5 ár að innleiða PBS. Þegar litið er til baka þá hefur margt verið gert og almennt eru starfsmenn ánægðir en engu að síður er mikilvægt að minna stöðugt á að hverju er stefnt og vinna markvisst samkvæmt einkunnarorðun skólans.

Skólastarfið

Brynja ræddi almennt um skólastarfið. Nú í byrjun árs stendur yfir vinna við rekstraráætlun skólans. Búið er að sameina 2. SH og 2. HF. Undirbúningur hófst í desember en frá og með 4. janúar er aðeins um einn 2. bekk að ræða. Áður hafa bæði 4. og 5. bekkur verið sameinaðir innbyrðis og um einn bekk að ræða í hvorum árgangi. Umsjónarkennari 5. bekkjar fór í fæðingarorlof 11. janúar og við bekknum tók Sigurður Ingimundarson.

Námsmat stendur nú yfir í skólanum og í lok janúar verður boðað til foreldrafundar. Föstudaginn 8. janúar var forvarnarfyrirlestur fyrir 9. bekk á vegum Hafþórs Birgissonar. Fyrirlestrar um ábyrga netnotkun verða í lok janúar fyrir 6., 8. og 10. bekk. Foreldrafélag skólans afhenti skólanum nýverið skóladagatal skólans á pólsku og ensku. Þetta dagatal nær yfir þá mánuði sem eftir eru af skólaárinu. Stefnt er að því að afhenda dagatalið á foreldradaginn. Eftirlitsmyndavélar hafa verið settar upp og taka yfir baklód skólans. Vélarnar voru settar upp m.a. vegna innbrotafaraldurs sem m.a. bitnað hefur á skólanum. Fyrirlestraröð á vegum FFGÍR er framundan og fyrsti fyrirlesturinn verður 12. janúar í Akurskóla.

### Önnur mál

Flutningabílnum sem rætt var um á síðasta fundi hefur greinilega verið fundinn annar geymslustaður því hann hefur ekki sést í nokkurn tíma. Ákveðið var að hafa næsta skólaráðráðsfund mánudaginn 22. febrúar kl. 16:00 og verður þá farið yfir stefnu skólans og sérkenni hans. Ingólfur spurði hvað væri að fréttu af skólastjóramálum og fékk þær upplýsingar að þetta væri að öllum líkindum síðasta starfsár hans.

Fundi lauk um kl 17:30.

Brynja Árnadóttir ritaði fundargerð.